

S T A R F S R E G L U R
LANDSÞJÓNUSTU OA SAMTAKANNA Á ÍSLANDI
OVEREATERS ANONYMOUS

I. KAFLI - NAFN

Heiti samtakanna er *Landsþjónusta OA samtakanna á Íslandi*, hér eftir nefnd landsþjónusta í starfsreglum þessum. Heiti samtakanna á ensku er *OA Iceland National Service Board / Intergroup*. Kennitala samtakanna er 421089-2219.

II. KAFLI - TILGANGUR

1. grein - Tilgangur

Meginmarkmið landsþjónustunnar er að styðja þá sem takast á við hömlulaust ofát með hjálp tólf spora kerfis Overeaters Anonymous; að veita OA deildum á Íslandi þjónustu og koma fram fyrir þeirra hönd út á við.

2. grein - Tólf spora kerfið¹

OA félagsskapurinn mælir með iðkun tólf spora kerfisins til að öðlast bata frá hömlulausu ofáti. Sporin tólf eru sem hér segir:

1. Við viðurkenndum vanmátt okkar gagnvart mat og að við gætum ekki lengur stjórnað eigin lífi.
2. Við fórum að trúa að máttur okkur æðri gæti gert okkur andlega heilbrigð að nýju.
3. Við tókum þá ákvörðun að fela líf okkar og vilja umsjá Guðs, *samkvæmt skilningi okkar á honum*.
4. Við gerðum rækilega og óttalaust siðferðileg reikningsskil í lífi okkar.
5. Við játuðum misgjörðir okkar fyrir Guði, sjálfum okkur og annarri manneskju og nákvæmlega hvað í þeim fólst.
6. Við vorum þess albúin að láta Guð fjarlægja alla skapgerðarrestina.
7. Við báðum Guð í auðmýkt að losa okkur við brestina.
8. Við skráðum misgjörðir okkar gagnvart náunganum og urðum fús til að bæta fyrir þær.
9. Við bættum fyrir brot okkar milliliðalaust svo framarlega sem það særði engan.
10. Við iðkuðum stöðuga sjálfsrannsókn og þegar út af bar viðurkenndum við yfirsjónir okkar umsvifalaust.
11. Við leituðumst við með bæn og hugleiðslu að styrkja vitundarsamband okkar við Guð, *samkvæmt skilningi okkar á honum*, og báðum um það eitt að víta vilja hans og hafa mátt til að framkvæma hann.
12. Við urðum fyrir andlegri vakningu er við stigum þessi spor og reyndum því að flytja öðrum hömlulausum ofætum þennan boðskap og fylgja þessum meginreglum í lífi okkar og starfi.

¹ AA World Services, Inc. hafa veitt heimild til aðlögunar og notkunar hinna 12 spora Alcoholics Anonymous.

3. grein - Erfðavenjurnar tólf²

Erfðavenjurnar tólf eru sem hér segir:

1. Sameiginleg velferð okkar situr í fyrirrími. Bati hvers og eins er undir einingu OA-samtakanna kominn.
2. Í málum deilda er aðeins einn leiðtogi, kærleiksríkur Guð eins og hann birtist í samvisku hvers hóps. Forsvarsmenn okkar eru þjónar sem við treystum en ekki stjórnendur.
3. Til þess að gerast OA-félagi þarf aðeins eitt: Löngun til að hætta hömlulausu áti.
4. Sérhver OA-deild á að vera sjálfstæð nema í málum er varða aðrar deildir eða OA-samtökin í heild.
5. Sérhver deild hefur aðeins eitt meginmarkmið: Að flytja ofætum sem enn þjást boðskap samtakanna.
6. OA-deild ætti aldrei að ljá öðrum samtökum eða málstað nafn sitt, fjármagn eða fylgi svo lausafé, eignir eða upphefð fjarlægji okkur ekki upphaflegum tilgangi.
7. Sérhver OA-deild ætti að standa á eigin fótum og hafna utanaðkomandi fjárhagsaðstoð.
8. Félagar í OA-samtökunum eru ætíð einungis áhugamenn, en þjónustustöðvar okkar mega ráða launað starfsfólk.
9. OA-samtökin sem slík ætti aldrei að skipuleggja en við getum myndað þjónustunefndir og ráð sem eru ábyrg gagnvart þeim sem þau starfa fyrir.
10. OA-samtökin taka ekki afstöðu til annarra mála en sinna eigin. Nafni þeirra ætti því að halda utan við deilur og dægurþras.
11. Afstaða okkar út á við byggist fyrst og fremst á aðlöðun en ekki áróðri. Í fjölmíðlum ættum við alltaf að gæta nafnleyndar.
12. Nafnleyndin er andlegur grundvöllur allra erfðavenja okkar og minnr okkur á að setja málefni og markmið ofar eigin hag.

4. grein - Þjónustuvenjurnar tólf

Hinar tólf venjur OA þjónustu eru sem hér segir:

1. Endanleg ábyrgð og vald í málefnum þjónustu OA á heimsvísu eru á höndum sameiginlegrar samvisku alls OA-samfélagsins.
2. OA deildirnar hafa falið heimsþjónusturáðstefnunni³ umsjón þjónustu á heimsvísu. Ráðstefnan kemur fram sem rödd OA. Hún er bær til ákvarðanatöku sem virk samviska OA samtakanna sem heildar.
3. Rétturinn til ákvarðanatöku er byggður á trausti sem gerir virka forystu mögulega.
4. Rétturinn til þátttöku tryggir jafna möguleka allra við ákvarðanatöku.
5. Hverjum OA félagi er frjálst að kvarta eða vísa málum til heimsþjónusturáðstefnunnar. Þannig er tryggt að sjónarmið og umkvartanir hvers og eins fái vandlega umfjöllun.
6. Heimsþjónusturáðstefnan felur ráði aðaltrúnaðarmanna ábyrgð á stjórnkerfi Overeaters Anonymous.
7. Ráð aðaltrúnaðarmanna⁴ fer með lagaleg réttindi og skyldur sem því er falið samkvæmt A kafla starfsreglna OA; en réttindi og skyldur heimsþjónusturáðstefnunnar byggjast á erfðavenju og á B kafla starfsreglna OA.
8. Ráð aðaltrúnaðarmanna felur framkvæmdaráði sínu ábyrgð á stjórnun heimsþjónustuskrifstofu⁵ OA.
9. Þjónar okkar, sem við treystum og veljum á skynsamlegan og viðeigandi hátt, eru ómissandi fyrir virkt starf á öllum stigum þjónustu.
10. Við jöfnum út ábyrgð á þjónustu með því að skilgreina vandlega verksvið hverrar þjónustu. Þannig komumst við hjá tvíverknaði.
11. Ráði aðaltrúnaðarmanna til aðstoðar við stjórnun heimsþjónustuskrifstofunnar eru fastanefndir, skrifstofustjórar, starfslíð og ráðgjafar.
12. Hinn andlegi grundvöllur OA tryggir að:
 - a. Engin OA nefnd eða ráð hafi nokkru sinni yfir fjármunum eða valdi í varhugaverðum mæli að ráða,
 - b. Nægilegt rekstrarfé að viðbættum hæfilegum varasjóði sé það markmið sem fjármál OA miðist við,
 - c. Enginn OA félagi taki nokkru sinni að sér stjórn einhvers sem hann/hún uppfyllir ekki hæfniskröfur til,
 - d. Allar mikilvægar ákvarðanir séu teknar með umræðum, atkvæðagreiðslu og - alltaf þegar kostur er - í einingu,
 - e. Engin þjónustuvinna beinist nokkru sinni gegn einhverjum eða leiði til almennrar andúðar; og
 - f. Engin OA nefnd eða ráð komi nokkru sinni fram sem stjórnvald; allar ákvarðanir séu lýðræðislegar í hugsun og framkvæmd.

² AA World Services, Inc. hafa veitt heimild til aðlögunar og notkunar hinna 12 erfðavenja Alcoholics Anonymous.

³ World Service Business Conference.

⁴ Board of Trustees.

⁵ World Service Office.

III. KAFLI – HLUTVERK

Auk þess að vera landsþjónusta (National Service Office) eru samtök þessi jafnframt samráðsnefnd (Intergroup) OA deildanna á Íslandi. Í alþjóðlegu OA samstarfi gegnir landsþjónustan báðum þessum hlutverkum.

Nú kjósa tvær eða fleiri íslenskar OA deildir að stofna nýja samráðsnefnd. Skulu samþykktir þessar þá tafarlaust teknar til endurskoðunar með það að markmiði að greina að fullu á milli hlutverks landsþjónustu og hlutverks samráðsnefndar. Skulu þá báðar (allar) samráðsnefndir á Íslandi framkvæma þá vinnu á jafnréttisgrundvelli með einingu OA samtakanna að leiðarljósi.

IV. KAFLI - AÐILD

1. grein - Landsþjónusta

Landsþjónustu skipa allir aðilar að Landsþjónustu OA samtakanna á Íslandi. Aðilar eru:

- A. Framkvæmdaráð landsþjónustunnar.
- B. Deildarfulltrúar, einn frá hverri fullgildri OA deild á Íslandi.

Fjöldi nefndarmanna er því breytilegur eftir fjölda fullgildra OA deilda.

Auk formlegra aðila að landsþjónustu eru aðrir OA félagar boðnir velkomnir á fundi landsþjónustunnar, en hafa ekki atkvæðisrétt.

2. grein - Aðildarhæfni

Fulla aðild að landsþjónustu hafa:

- A. Þær OA deildir á Íslandi sem hafa formlega skráð sig hjá landsþjónustunni og landsþjónusta hefur skráð hjá heimsþjónustunni.
- B. Skilgreining á OA deild er sem hér segir:
 - 1. Deildin fundar reglulega til að ástunda tólf spora kerfi OA-samtakanna og erfiðavenjurnar tólf.
 - 2. Fundir deildarinnar eru opnir öllum sem hafa löngun til hætta hömlulausu áti. Fundarstaður og -stund deildarinnar kemur fram í fundaskrá landsþjónustu og heimsþjónustu OA.
 - 3. Enginn félagi þarf að uppfylla nein önnur skilyrði til að halda aðild að deildinni eða til að mega tala á fundum hennar.
 - 4. Deildin tengist ekki neinni starfsemi annarri en OA.
 - 5. Það telst vera deild þegar tvær eða fleiri manneskjur hittast á fundum sbr. 4. kafla, 1. grein B hluta starfsreglna Overeaters Anonymous, Inc.
 - 6. Deildir sem fara fram í gegnum stafræna miðla (fundir sem líkja eftir fundum sem fara fram andliti-til-andlits) geta verið OA-fundir ef þeir: i) uppfylla öll skilyrði um OA-fundi, ii) eru gagnvirkir og iii) hittast í rauntíma.
- C. Deildarfulltrúi fer með atkvæðisrétt fyrir hönd deildar sinnar á fundum landsþjónustu.
- D. Aðildardeild getur ekki jafnframt verið aðili að annarri samráðsnefnd eða landsþjónustu.

3. grein - Deildarfulltrúar

- A. Deildarfulltrúar skulu tilnefndir á samviskufundi í hverri deild. Hver deild ákveður sína aðferð til að velja deildarfulltrúa. Deildarfulltrúi er valinn til þjónustu yfir tímabil sem ákveðið er af deild hans. Deild getur hvenær sem er afturkallað umboð fulltrúa síns og skal hann þá víkja sæti sem deildarfulltrúi. Hver deild ákveður með hvaða hætti varamaður deildarfulltrúa er valinn. Hvort tveggja er heimilt að tilnefna fastan varafulltrúa eða tilnefna varamann til eins fundar í senn í hvert sinn sem deildarfulltrúi forfallast. Varafulltrúi er hvattur til að sitja fundi landsþjónustu þótt deildarfulltrúi sömu deildar sé ekki forfallaður.
- B. Við val á deildarfulltrúa er mælt með að horft sé til þjónustuvilja, 12 spora vinnu, þekkingar á erfðavenjum og reynslu af OA starfi.
- C. Meginhlutverk og ábyrgð deildarfulltrúa eða varamanns hans er að koma fram fyrir hönd deildar sinnar á öllum fundum landsþjónustu og að vera tengiliður milli landsþjónustunnar og deildarinnar og sjá þannig til þess að upplýsingar berist þar á milli.

4. grein - Fjarvera deildarfulltrúa

Ritara framkvæmdaráðs landsþjónustunnar ber að tilkynna til deildar ef enginn fulltrúi hennar mætir á fund landsþjónustu.

5. grein - Aðild með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar hafa:

- A. Starfsfólk landsþjónustunnar sbr 2. kafla.
- B. Allir OA félagar óháð því hvort þeir eru deildarfulltrúar eða í framkvæmdaráði.

V. KAFLI - FRAMKVÆMDARÁÐ LANDSÞJÓNUSTU

1. grein - Framkvæmdaráð

- A. Framkvæmdaráðið skipa:
 - 1. Formaður.
 - 2. Ritari.
 - 3. Gjaldkeri.
- B. Framkvæmdaráð annast framkvæmd ákvarðana landsþjónustu og daglega framkvæmdastjórn málefna landsþjónustunnar. Í forföllum formanns framkvæmdaráðs stýrir ritari fundum og gjaldkeri í forföllum hans.
- C. Framkvæmdaráð tilnefnir fulltrúa landsþjónustunnar á ársfund Heimshluta 9 (Region 9) og á Heimsráðstefnu (WSBC). Að jafnaði skal þessi fulltrúi vera í framkvæmdaráði en sé þess ekki kostur getur framkvæmdaráð stungið upp á öðrum landsþjónustufulltrúa.

2. grein - Tilnefningar í framkvæmdaráð

Kosið er í störf formanns, ritara og gjaldkera á kjörfundi.

3. grein - Hæfniskröfur fyrir fulltrúa í framkvæmdaráð

- A. Hafi tileinkað sér tólf spora kerfi OA samtakanna í eitt ár.
- B. Hafi góða þekkingu á erfðavenjum OA samtakanna.
- C. Þekki til þjónustuvenja OA samtakanna.
- D. Hafi stundað fráhald frá hömlulausu áti a.m.k. síðastliðna sex mánuði.
- E. Hafi reglulega stundað deildarfundi í a.m.k. 1 ár og hafi reynslu af starfi með landsþjónustu í a.m.k. 6 mánuði – þó ekki nauðsynlega sem landsþjónustufulltrúi.
- F. Fulltrúar á ársfund Heimshluta 9 (Region 9) skulu uppfylla hæfniskröfur og skilyrði sem fram koma í starfsreglum Heimshluta 9 og kjörgengi til framkvæmdaráðs sbr. ákvæði í liðum A til E í þessum kafla.
- G. Fulltrúi á Heimsráðstefnu (WSBC) skal hafa stundað fráhald í amk. 1 ár og hafa starfað með landsþjónustu í a.m.k. 2 ár, sbr. hæfniskröfur og skilyrði sem fram koma í starfsreglum Overeaters Anonymous, Inc, B hluta, X. kafla, 3. grein. Einnig skilyrði um kjörgengi til framkvæmdaráðs sbr. ákvæði í liðum A til E í þessum kafla

4. grein - Framkvæmd kosningar

- A. Formaður, ritari og gjaldkeri eru kosnir á aðalfundi landsþjónustu. Aðalfundur skal haldinn í nóvember ár hvert og sérstaklega boðaður sem slíkur.
- B. Til að vera kjörgengur í stöðu formanns, ritara eða gjaldkera þarf sá sem tilnefndur er að:
 - 1. Uppfylla öll skilyrði í 3. grein þessa kafla.
 - 2. Gera sér grein fyrir ábyrgð stöðu sinnar sbr. 6. grein þessa kafla.
- C. Eingöngu þeir sem mættir eru á aðalfund eru kjörgengir nema aðalfundur samþykki undantekningu einróma. Aðeins deildarfulltrúar hafa atkvæðisrétt á aðalfundi. Sé kosið á milli tveggja eða fleiri ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða í leynilegri kosningu.

5. grein - Kjörtímabil og endurkjör

- A. Framkvæmdaráðsmenn eru kosnir til tveggja ára í senn.
 - 1. Á árum sem enda á sléttri tölu skal kjósa formann og gjaldkera.
 - 2. Á árum sem enda á oddatölu, skal kjósa ritara.
 - 3. Nýkjörnir meðlimir í framkvæmdaráði skulu hefja störf strax að loknum aðalfundi.
- B. Framkvæmdaráðsmenn geta sinnt sama hlutverki samfelldu í tvö kjörtímabil. Hafi þjónusta hafist á miðju kjörtímabili er viðkomandi kjörgengur til sömu þjónustu í tvö kjörtímabil þar á eftir.
- C. Framkvæmdaráðsmaður sem gegnt hefur hlutverki samfelldu í tvö tímabil, getur gefið kost á sér í annað hlutverk í framkvæmdaráði í eitt tímabil. Þannig geti sami einstaklingur verið í samfelldri þjónustu í framkvæmdaráði að hámarki í 6 ár.
- D. Hafi einstaklingur verið í þjónustu í sex ár samfelldu er hann kjörgengur á ný eftir eins árs hlé, hvort heldur er til fyrra hlutverks eða annarrar þjónustu innan landsþjónustu.
- E. Nú er deildarfulltrúi kosinn í framkvæmdaráð. Þar með starfar hann í umboði landsþjónustunnar sem heildar og hættil því sjálfkrafa sem fulltrúi deildar sinnar, en deildin kys nýjan deildarfulltrúa fyrir næsta fund landsþjónustu.

6. grein – Hlutverk framkvæmdaráðs

A. Formaður:

3. Á að leiða alla venjulega og sérstaka fundi framkvæmdaráðs og landsþjónustu.
4. Er ábyrgur fyrir því að setja saman dagskrá allra landsþjónustufunda.
5. Hefur oddaatkvæði í atkvæðagreiðslum.
6. Má taka þátt í leynilegri kosningu, en ekki í kosningu með handauppréttingu.
7. Má taka þátt í öllum nefndarfundum.
8. Á að tryggja að farið sé yfir reikninga landsþjónustu reglulega.

B. Ritari:

1. Á að leiða fundi í fjarveru formanns.
2. Sér um boðun funda.
3. Er fundarritari á öllum landsþjónustufundum og sendir fundargerð til allra landsþjónustufulltrúa (kjörnir fulltrúar og fulltrúar deilda) í tölvupósti.
4. Varðveitir allar fundargerðir fundanna.
5. Á að hafa umsjón með vefsíðu OA samtakanna, hvort sem hann sjálfur eða einhver annar vinnur hana.
6. Sér um að tilkynna nýjar deildir til heimsþjónustu.
7. Á að halda lista yfir landsþjónustufulltrúa og lengd þeirra í embætti.
8. Ber að tilkynna til deildar ef enginn fulltrúi hennar mætir á fund landsþjónustunnar.

C. Gjaldkeri:

1. Á að leiða fundi í fjarveru formanns og ritara.
2. Á að sjá um að fylgjast með reikningum landsþjónustu.
3. Á að leggja fram yfirlit yfir fjármál á hverjum landsþjónustufundi.
4. Á að vera prókúruhafi ásamt einum öðrum framkvæmdaráðsmeðlimi.
5. Á að tryggja að til séu fylgiskjöl fyrir öllum færslum.
6. Á að hafa umsjón með bóka- og bæklingasölu landsþjónustu, hvort sem hann sér um hana sjálfur eða einhver annar.

D. Framkvæmdaráð á að sjá um starfsemi OA samtakanna á Íslandi ef um neyðartilvik er að ræða og/eða á milli landsþjónustufunda.

7. grein - Forföll og afsagnir

- A. Mæti framkvæmdaráðsmaður ekki á tvo landsþjónustufundi í röð án þess að gera grein fyrir forföllum sínum, eða ef hann fellur úr fráhaldi skal landsþjónusta leysa hann frá störfum.
- B. Framkvæmdaráðsmanni er hvenær sem er heimilt að segja af sér störfum og skal það gert með skriflegri yfirlýsingu til framkvæmdaráðs.
- C. Landsþjónusta getur lýst vantrausti á framkvæmdaráðsmann og skal hann þá víkja. Til þessa þarf tvo þriðju hluta atkvæða á fundi landsþjónustunnar og málsins þarf að vera getið í fundarboði.

8. grein - Skipan í sæti sem losna

- A. Laus sæti í framkvæmdaráði skal kosið í við fyrsta tækifæri á fundi landsþjónustu. Kosnir í laus sæti starfa til næsta aðalfundar. Skal kjósa til starfans á næsta aðalfundi á eftir. Þegar um er að ræða kjör á miðju kjörtímabili, gildir kosning til loka þess.
- B. Sá/sú sem kosin(n) er með þessum hætti skal uppfylla hæfniskröfur sbr. 3. grein þessa kafla.

VI. KAFLI - FUNDIR

1. grein - Reglulegir fundir

Landsþjónusta skal hafa fastan fundartíma. Fundað er á tímabilinu janúar – maí og september – nóvember. Sjá einnig 3. grein hér á eftir. Framkvæmdaráð ákveður stað og stund.

2. grein - Aðalfundir

Einu sinni á ári, í nóvember, skal halda aðalfund þar sem kosið er í framkvæmdaráð sbr. V. kafli, 5. grein. Tillögur að breytingum á starfsreglum, ef einhverjar eru skal einnig taka til afgreiðslu á aðalfundi, sbr. IX. kafla.

3. grein - Aukafundir

Aukafund má boða hvenær sem er með samþykki meirihluta framkvæmdaráðs. Einnig skal boða aukafund ef þrír deildarfulltrúar fara fram á það. Boðun aukafundar er skv 4. grein þessa kafla.

4. grein - Boðun funda

Ritari annast boðun landsþjónustufunda. Fundir skulu boðaðir með tilkynningu til deildarfulltrúa og póstlista landsþjónustu. Þá skal í lok hvers landsþjónustufundar minna á næsta fund. Dagskrá skal fylgja fundarboði.

5. grein - Deildir fjarri fundarstað

Leitast skal við að gera fulltrúum OA deilda, sem eiga langt að sækja landsþjónustufundi, kleift að taka þátt í starfsemi landsþjónustunnar þótt þeir geti ekki sótt fundi. Fulltrúum þessara deilda er heimilt að senda framkvæmdaráði yfirlýsingu um afstöðu deildarinnar til tiltekinna dagskrárliða þ.m.t. kosninga með bréfi eða tölvupósti. Atkvæði þannig send skulu teljast fullgild.

6. grein - Lögmati funda

Landsþjónustufundur er gildur sé löglega til hans boðað og samþykkt teljast þau mál sem hljóta stuðning meirihluta þeirra sem atkvæði greiða, þ.m.t. atkvæði sbr. 5. grein þessa kafla.

7. grein - Fundarform

Lagt er til að hefja og slíta hverjum landsþjónustufundi með æðruleysisbæninni og að lesinn sé kafli úr löngu útgáfu erfðavenjanna á hverjum fundi.

VII. KAFLI - NEFNDIR

1. grein - Nefndir

Landsþjónusta getur sett á stofn hverskyns nefndir, fastanefndir eða nefndir vegna sérstakra verkefna, hvenær sem er, með það að leiðarljósi að efla starf landsþjónustunnar enn frekar.

2. grein - Lýsing

Sé stofnuð nefnd skal framkvæmdaráð gera skriflega samþykkt þar sem fram kemur hvert verksvið nefndarinnar er og til hvers landsþjónustan ætlast af nefndinni.

VIII. KAFLI - FJÁRMÁL

1. grein - Fjáröflun

- A. Frjáls framlög OA deilda eiga að vera undirstaða fjármögnunar.
- B. Auk þess má byggja á tekjum af sérstökum verkefnum eða upptökum á vegum landsþjónustu svo fremi að það brjóti ekki í bága við sjöttu erfðavenjuna.
- C. Landsþjónustan má taka við beinum framlögum frá OA félögum skv. því sem hefur er fyrir hjá OA.
- D. Hámarksframlag eins félaga á ári skal vera sama upphæð og í gildi er hverju sinni sem hámarksframlag til heimsþjónustu.
- E. Ekki má taka við framlögum eða arfleiðslu frá neinum utanaðkomandi aðila.
- F. Landsþjónustan má taka við fé sem OA félagi hefur arfleitt hana að. Hámark þeirrar upphæðar skal þó vera sú hin sama og í gildi er hverju sinni sem hámarksframlag til heimsþjónustu.
- G. Landsþjónustan má ekki taka að sér vörslu sjóða, taka við framlögum eða taka þátt í fjármálum aðila utan OA.

2. grein - Hæfilegur varasjóður

Ekki skal safna sjóðum umfram það sem nauðsynlegt er. Fé sem landsþjónustan er aflögufær um skal lagt til Heimssvæðis 9 (Region 9) og heimsþjónustu (World Service Office) skv. ákvörðun landsþjónustu.

IX. KAFLI - BREYTINGAR Á STARFSREGLUM ÞESSUM

1. grein

Breytingar á starfsreglum þessum má einungis gera á aðalfundi. Breytingartillögur með rökstuðningi skulu berast framkvæmdaráði skriflega fyrir 1. október ár hvert. Breytingartillögur skulu kynntar og ræddar á landsþjónustufundi fyrir aðalfund. Tillaga um breytingu telst samþykkt fái hún stuðning 2/3 hluta þeirra deildarfulltrúa og framkvæmdaráðsmanna sem afstöðu taka. Breytingartillögur skulu koma fram í fundarboði, bæði fyrir landsþjónustufund og aðalfund.

2. grein

Starfsreglur þessar skulu ætíð vera í samræmi við starfsreglur heimsþjónustu OA að meðtöldum síðari breytingum sem samþykktar kunna að verða á heimsráðstefnu (OA bylaws, subpart A and B).

X. KAFLI - MÁL SEM HAFNA ÁHRIF Á FLEIRI AÐILA

1. grein

- A. Málum sem varða starfsemi einstakra deilda á landinu skal vísað til framkvæmdaráðs.
- B. Málum sem varða OA sem heild og snerta A-viðauka starfsreglna Overeaters Anonymous, Inc. skal vísað til ráðs aðaltrúnaðarmanna (Board of Trustees)
- C. Málum sem varða B-viðauka starfsreglna Overeaters Anonymous, Inc., eða snúast um spörin 12, erfðavenjurnar 12, eða þjónustuvenjurnar 12, skal vísað til Heimsráðstefnu OA (World Service Business Conference).

XI. KAFLI - SLIT

1. grein

Komi til slita þessara samtaka skal, að greiddum skuldum og skuldbindingum, afhenda eignir samtakanna, OA Heimssvæði 9 (Region 9).

2. grein

Slit samtakanna skal tilkynna til heimsþjónustu (WSO) auk heimssvæðis (Region 9) og stjórnarfulltrúa heimssvæðis 9 í stjórn WSO.

3. grein

Engar eigur samtaka þessara mega ganga til félagsmanna eða þeirra sem unnið hafa þjónustustörf innan OA umfram það sem talist getur eðlileg greiðsla fyrir útlagðan kostnað.

Starfsreglur þessar voru samþykktar á aðalfundi landsþjónustu, 12. nóvember 2005

Með síðari breytingum sem samþykktar á aðalfundi 19. nóvember 2014